

12. OKT. 2015



Bæjarstjórn Akranesbæjar,
Regína Ásvaldsdóttir,
Stíllholti 16-18,
300 Akranes.

AKRANESKAUPSTAÐUR		
Skj.nr. 40	Mótt. af Gjó	Mótt. dags. 12 OKT. 2015
Áb.m. RA	Úrv.aðili St.A	Afrit RA/St.A
Símtal	Tölvup.	Fax SAS
Svarfr.	Trún.mál	Fskj.
Málsnr. One 1402046		

Reykjavík 08.10.2015

Efni: Erindi Íbúðalánasjóðs til sveitarstjórnar

Við hjá Íbúðalánasjóði erum um þessar mundir að hafa samband við sveitarfélög þar sem sjóðurinn á fasteignir og bjóða þeim til viðræðna um að kaupa eignirnar af sjóðnum.

Tilgangur Íbúðalánasjóðs er m.a. að stuðla að því með lánveitingum að landsmenn geti búið við öryggi og jafnrétti í húsnæðismálum. Við viljum bjóða sveitarfélögunum til viðræðna um þann möguleika að kaupa eignir sjóðsins með það í huga að nýta þær t.d. fyrir félagsleg úrræði sveitarfélaga þar sem það á við. Sjóðurinn hefur að bjóða sérstök lánakjör fyrir sveitarfélögin vegna kaupa á húsnæði í félagslegum tilgangi.

Við gerum okkur grein fyrir að þörf sveitarfélaga er misjöfn en við viljum gjarnan ræða við sveitarfélögin um leiðir til að nýta eignirnar sem best.

Í sveitarfélaginu á Íbúðalánasjóður samtals 40 eign/ir og er nýting þetta með eftirfarandi hætti;

Í leigu 15 eign/ir
 Í sölu 19 eign/ir
 Í skráningu og annað 6 eign/ir

Rétt er að taka fram að hér eru ekki meðtaldar þær eignir sem dótturfélag Íbúðalánasjóðs, Leigufélagið Klettur ehf. kann að eiga í sveitarfélaginu.

Vinsamlega hafið samband við Hildigunni Hauksdóttur aðstoðarmann forstjóra í síma 569-6900 eða með því að senda póst á netfangið hildigunnur@ils.is með það í huga að festa fundartíma.

Bestu kveðjur,

Hermann Jónasson, forstjóri